



Lyfjagreiðslunefnd
Vínlandsleið 14, 113 Reykjavík
Sími 553 9000 – www.lgn.is

Lyf felld úr lyfjaverðskrá vegna birgðaskorts

Verði birgðaskortur á lyfi sem er með viðmiðunarverð skal það tilkynnt Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) þegar í stað og skrá á biðlista stofnunarinnar. Verði birgðaskortur á lyfi í meira en 90 daga, fellur umrætt lyf úr lyfjaverðskrá. Ef birgðaskortur verður á lyfi sem er með lægsta viðmiðunarverð taka SÍ þátt í kostnaði við næstódýrasta lyfið. Þegar ódýrasta pakkningin fæst aftur, þá helst greiðsluþátttakan á dýrara lyfinu í 2 vikur eftir að viðkomandi lyf kemur á biðlista. Þessi aðgerð er framkvæmd af SÍ í viðkomandi tilfelli.

Þegar lyf sem hafa verið felld úr lyfjaverðskrá vegna birgðaskorts, verður fánlegt aftur, er heildsölum óheimilt að selja lyfið fyrr en það hefur verið endurbirt. Þetta gildir um sölu til allra viðskiptavina.

Heildsölum er heimilt að selja nýjar birgðir nokkrum dögum fyrir gildistöku nýrrar lyfjaverðskrár eða um leið og lyfjaverðskrá næsta mánaðar hefur verið gefin út. Þetta er gert til þess að apótek séu tilbúin með birgðir fyrsta dag mánaðar.

Lyfjabúðum (ekki lyfjaheildsölum) er heimilt að selja lyf í 90 daga eftir að lyf fellur úr lyfjaverðskrá.

Uppfært febrúar 2016